

Þriðji hluti

1. verkefni – Hvað er fornleifauppgröftur?

Markmið: Að fræða nemendur um tilgang og framkvæmd fornleifauppgræfta.

Færnimarkmið: Að auka orðaforða nemenda.

Markmið nemenda: Nemendur læra hvað fornleifauppgröftur er, hver tilgangur hans er og hvernig hann fer fram. Þeir læra ný orð sem tengjast fornleifum og geta svarað spurningum um fornleifauppgröft.

Lýsing á verkefninu

Verkefnið samanstendur af myndbandinu *Spori finnur fornleifar - Fornleifauppgröftur*, verkefni og orðaruglsþraut. Hundurinn Spori er aðalsöguhetja myndbandsins. Hann hittir fornleifafræðinga að störfum, fylgist með rannsókninni og spyr ýmissa spurninga. Verkefnið felur í sér spurningar og setningarhluta sem nemendur para saman. Nauðsynlegar upplýsingar til þess eru í myndbandinu. Í orðaruglsþrautinni leita nemendur að helstu hugtökum sem koma fram í myndbandinu.

Undirbúningur og leiðbeiningar

Myndbandið *Spori finnur fornleifar - Fornleifauppgröftur* er aðgengilegt að á vef Menntunar og minja á slóðinni www.menntunogminjar.is. Myndbandið er tæpar 9 mínútur á lengd. Aðstöðu þarf til að horfa á myndbandið, t.d. tölvu og skjávarpa. Ýmist er hægt að leggja verkefnið fyrir á meðan nemendur horfa á myndabandið eða eftir að þeir horfa á það. Einnig er hægt að spila myndbandið tvisvar, í fyrra skiptið án verkefnis en hið seinna með verkefni.

Lausn

Lausnarblöð fylgja verkefnunum.

Tillaga að námsmati

Sjálfsmat/jafningjamat.

Mat á úrlausnum verkefna.

Huglægt mat kennara.

Lykilhugtök

Fornleifar: Fornleifar eru allt það sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og er eldra en 100 ára. Fornleifar einskorðast ekki við ákveðið landslag því þær geta verið á landi, í jörðu, sjó eða vatni. Hugtakið nær ekki aðeins yfir leifar mannvirkja og gripi, því til fornleifa teljast einnig búsetulandslög, vinnustaðir, álagablettir, greftrunarstaðir manna og þingstaðir svo einhver dæmi séu nefnd.

Fornleifafræði: Fræðigrein sem fæst við rannsóknir á (fornum) samfélögum með skipulagðri söfnun, skráningu, greiningu og túlkun á fornleifum og -gripum.

Fornleifauppgröftur: Kerfisbundinn uppgröftur og skráning á fornleifum með aðferðum fornleifafræðinnar.

Fornleifarannsókn: Rannsókn á fornleifum með aðferðum fornleifafræðinnar, oftast notað um vettvangsrannsóknir á borð við fornleifauppgröft eða fornleifaskráningu.

Fornminjar/minjar: Samheiti við fornleifar.

Gjóskulag/gjóska: Gjóskulög, einnig þekkt sem gjóska, eru mynduð úr ösku og gosefnum sem koma úr eldgosum. Þau dreifast með vindi og leggjast yfir land og mannvirki. Vitað er hvenær flest stór eldgos á Íslandi voru og því hægt að aldursgreina gjóskulögin. Ef gjóskulag er undir fornminjunum vitum við að minjarnar eru yngri en gjóskulagið. Ef gjóskulagið er ofan á þeim er ljóst að minjarnar eru eldri en gjóskulagið.

Langeldur: Í skálunum miðjum var eldstæði, nefnt langeldur. Langeldurinn var líkt og nafnið gefur til kynna aflangur í laginu. Eldstæðið var oft á tíðum afmarkað með steinum sem snéru upp á rönd og í botni þess var gjarnan flatur steinn sem eldurinn var byggður ofan á. Langeldurinn þjófnaði fjölbreyttum tilgangi. Hann veitti birtu og yl í húsið og yfir honum fór matseld fram. Eldstæði eru auðgreinanleg í fornleifarannsóknum. Steinar í þeim eru oft sprungnir vegna hita og í þeim eru gjarnan aska, móaska og kolaleifar.

Minjastaður: Hver sá staður þar sem fornleifar er að finna.

Rústir: Sýnilegar leifar af föllnu mannvirki sem hefur haft grjót- eða torfhlaðna vegg.

Skáli: Íbúðarhús (langhús) hlaðið úr torfi eða torfi og grjóti. Skálar voru aflangir í laginu með örlítið bogadregnum veggjum. Þeir voru helsta húsgerðin hér á landi frá landnámi fram á 14. öld.

Stoðarholur: Stoðarholur eru för eftir stoðirnar sem héldu uppi þaki skálanna. Stoðarholur finnast oft við fornleifarannsóknir. Þær veita mikilvægar upplýsingar um byggingarlag hússins. Timbur var verðmætur varningur á landnámsöld og voru stoðirnar því yfirleitt fjarlægðar þegar hús voru yfirgefin. Að auki varðveitist viður oft á tíðum illa í gegnum aldirnar. Þess vegna er sjaldgæft að finna stoðirnar sjálfar við fornleifarannsóknir.

Torf: Grassvörður eða yfirborðslag í mýrum eða á valllendi, oft seigt af rótarflækjum. Torf var eitt mikilvægasta byggingarefni á Íslandi allt fram til loka 19. aldar. Mismunandi heiti eru notuð yfir einingar af torfi eftir því hvernig það var skorið, t.d. strengur, klambra/klömbruhnaus, snidda eða kvíahnaus.

Tóft: Leifar af hrundu mannvirki sem hefur verið hlaðið úr torfi og/eða grjóti. Með tímanum verða tóftir oft grónar og falla inn í nærliggjandi landslag.

Skjöl sem fylgja verkefninu

Spori finnur fornleifar - Fornleifauppgröftur - myndband.

Spori finnur fornleifar - Fornleifauppgröftur - verkefni.

Spori finnur fornleifar - Fornleifauppgröftur - lausn við verkefni.

Spori finnur fornleifar - Fornleifauppgröftur - orðarugl.

Spori finnur fornleifar - Fornleifauppgröftur - lausn við orðarugli.